



# Tyllidagar

Útskýringar á íslenskum  
hátiðisdögum og siðum

شرح الأعياد الخاصة  
والتقاليد الأيسلندية



Enska - English

Pólska - Polski

Spænska - Español

Filippseyska - Filipino

**Arabíska - عَرَبِيّ**

Rússneska - Русский

Kúrdíska - كوردی

Litháíska - Lietuviškai

Albanska - Shqip

Víetnamska - Tiếng Việt

Tælenska - ภาษาไทย

Farsi - فارسی

# Þorrablót

Þorrablót var hátíð á öldum áður þegar Íslendingar blótuðu Þór sem var guð í norrænni ásatrú. Nú til dags fagna Íslendingar þorrablóti á sama tíma til að fagna þorramánuði sem áður var á dagatali Íslendinga. Í gamla daga var árinu skipt í tvær árstíðir, sumar og vetur. Þorri var fjórði mánuður vetrar og var frá 19.-25. janúar til 18.-24. febrúar. Fyrsti dagur þorra var bóndadagur. Íslendingur halda þorrann hátíðlegan með því að borða hefðbundinn vetrarmat sem var það eina sem var í boði yfir vetrartímam. Maturinn var yfirleitt fiskur og kjöt sem var geymt í salti og sýru. Í dag fagna Íslendingar þorranum með mikilli skemmtun þar sem sungið er og dansað og snæddur matur sem mörgum finnst ógeðfelldur. Þar má nefna blóðmör og lifrarpylsu sem saman er kallað slátur, sviðnir kindahauser (svið), kæsturhákarl og súrir hrútsþungar. Annar eðlilegri matur er rúgbrauð sem áður var bakað við jarðhita, skyr, hangikjöt og harðfiskur með smjöri.

ثورابلوت / طقوس ثوري

قديمًا، كان الآيسلنديون يعبدون آلهة اسمه ثور وهو إله خاص بشعوب الفايكينغ، في هذا اليوم يحتفل الآيسلنديون بطقوس ثوري كتمسك بعبادات و تقاليد من الماضي، قديمًا كانت السنة تحتوي فصلين فقط، الشتاء والصيف، الشهر ثوري كان هو الشهر الرابع في الشتاء حسب التقويم السنوي الآيسلاندي، وكانت بداية الاحتفال من 19 إلى 25 جانوار / كانون الثاني، و حتى 18 إلى 24 / شباط فيبراير. أول يوم من شهر ثوري، يعتبر يوم الزوج، رب البيت أو البعل الراعي والمزارع. الآيسلنديون يحتفلون بطقوس ثوري وذلك بتحضير وجبة شتوية مماثلة لما كانت متواجدة في تلك الأيام والتي تحتوي الوجبة على سمك ولحم، كان يحفظ في الملح والحمض. اليوم يحتفل الآيسلنديون بطقوس الثوري بحفلة رقص وفيها يغنون ويؤكلون هذا الطعام الذي نوقه غريب بعض الشيء، مثل البودينغ الأسود، نقانق الكبد، و طبق من بطن الأغنام، ورؤوس الأغنام المجففة، وخصيتين الأغنام المخللة في نوع من الحامض، ويؤكلون أيضا خبز الذرة و الزبادي. ولحم مدخن والسمك الجاف مع الزبدة.



# Bóndadagurinn

Fyrsti dagur mánaðarins þorra í gamla norræna tímatalinu er nefndur bóndadagur. Hann er alltaf á föstudegi í 13. viku vetrar. Sú hefð hefur skapast er að konur gefi bónda sínum blóm eða smágjöf á þessum degi.

بونداداگور / يوم الزوج  
اليوم الأول في الشهر ثوري  
(في التقويم الإسكندنافي  
القديم يسمى يوم الزوج، يوم  
البعل، راعي البيت) و يصادف  
دائمًا يوم الجمعة في الأسبوع  
الثالث عشر من فصل  
الشتاء. لقد أصبح تقليدًا للمرأة  
أن تقدم أزهارًا أو هدية  
صغيرة لزوجها في هذا اليوم..

# Konudagurinn

Konudagur er fyrsti dagur mánaðarins góu í gamla norræna tímatalinu sem er sunnudagurinn í 18. viku vetrar á milli 18. – 24. febrúar. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins.



كونوداگورا/ يوم الزوجة  
يوم الزوجة هو اليوم الأول من  
شهر گۆوا في التقويم  
الإيسلندي القديم، وهو يوم  
الأحد من الأسبوع الثامن عشر  
من فصل الشتاء ما بين  
١٨ - ٢٤ شباط/فبراير. والتقليد  
هو أن يعطي الرجال زهورا  
للنساء بمناسبة يوم المرأة

# Bolludagurinn

Á Íslandi hefur tíðkast að borða bollur sem eru annað hvort vatnsdeigsbollur eða gerbollur fylltar með allskyns rjóma og sultu. Rík hefð var fyrir því að fönðraðir voru bolluvendur, oftast úr litríkum pappírsræmum sem límdu eru á prik. Börn flengdu svo foreldra sína með vendinum og hrópuðu; Bolla! Bolla! Bolla!

بولو داگور

في هذا اليوم الايسلنديون يأكلون كعكة الخبز محشوة بالكريمة و المربي ، وفي عاداتهم يقوم الأطفال بصنع لعبة على شكل سوط مزين بأوراق ملونة ويقومون بضرب اباؤهم على المؤخرة ثلاث مرات ( عادة للمزاح ) ويرددون : بولا بولا بولا



# Sprengidagurinn

Á þessum degi tíðkast á flestum heimilum á Íslandi að elda réttinn „Saltkjöt og baunir“.

سبرينگيداگور  
يوم الإنتفاخ حتى الانفجار  
في هذا اليوم الايسلنديون  
يطبخون لحم المملح مع  
الفاصولياء، وتسمية هذا  
اليوم بيوم الانفجار، هو  
نوع من الدعابة لانه يوم  
يؤكل فيه الفاصولياء مع  
اللحم حتى الانفجار.



# Öskudagurinn

Á þessum degi er hefð fyrir því að börn klæði sig í grímubúning og syngi fyrir fólk og fái að launum sælgæti. Að hengja öskupoka á fólk tíðkast á Íslandi og var lyklatriðið að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.

أوسكوداگور  
وفي هذا اليوم يرتدي الأطفال  
البسة تنكرية (مثل يوم الهلويين  
في أمريكا)، ويملئ الأطفال أكياس  
من الرماد ويعلقونها خفية على  
ظهور الكبار على سبيل المزح و  
الدعابة



# Páskar

Páskahátíðin tengist kristinni trú. Síðasti sunnudagur fyrir páska nefnist pálmasunnudagur. Fimmtudagur fyrir páska heitir skírdagur og daginn eftir er föstudagurinn langi en þá er frídagur. Páskadagur er sunnudagur og þá borða börn súkkulaði sem kallast páskaegg.

باوسكار / عيد الفصح أو القيامة في هذا العيد ، المسيحيين يحتفلون بقيامة المسيح ، وهو آخر يوم احد ، لعيد القيامة ويسمى هذا اليوم أيضًا بأحد السعف أو الزيتونة. يسمى يوم الخميس قبل عيد الفصح بيوم المعمودية، وبعده يأتي يوم الصلب الجمعة الطويلة. عيد الفصح يبدأ في يوم الاحد ويتذكر الناس يوم قيامة المسيح ، كذلك في هذا اليوم يحتفل الأطفال بأكل شوكلاطة على شكل بيضة ، تسمى بيضة باوسكا ئيگ



# Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu.

Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu 19. – 25. apríl. Samkvæmt íslenskri þjóðtrú boðar það gott sumar ef sumar og vetur frjósa saman. Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að bæjarfélög haldi ýmiss konar hátíðir fyrir börn og fjölskyldur þeirra á þessum degi.

اليوم الأول من الصيف هو أول يوم شهر ( هاربا ) في التقويم الأسكندينا في القديم، وهو الشهر الأول من الشهور الستة الصيفية في تقويم فايكنيغ القديم. في إعتقاد القديمين إذا انجمد الليل، فالصيف ساخن و جميل. يكون هذا اليوم دائما يوم خميس من فترة ١٩ الي ٢٥ أبريل/نيسان يوم عطلة، أصبحت من العادة أن يقوم عمدة كل مدينة بإقامة مهرجانات عائلية



# Sjómanna dagurinn

Sjómanna dagurinn er fyrsti sunnudagurinn í júní ár hvert. Hann er hátíðisdagur allra sjómanna. Flest bæjarfélög halda upp á þennan dag með einhvers konar skemmtidagskrá við höfnina.

يوم البحارة  
عيد البحارة و الصيادين، يكون الإحتفال سنويا  
لكل البحارة بيومهم في أول يوم أحد في شهر  
حزيران، في هذا اليوم تقوم عمدة و بلديات المدن  
بإقامة حفلات أو مهرجانات بميناء المدن



# 17. júní

Íslenski þjóðarhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17.júní ár hvert. Það er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og almennur frídagur. Á 17. júní er fjölbreytt hátíðardagskrá til að minnast Lýðveldi Íslands þann 17. júní 1944.

عيد الوطني ١٧ حزيران / جوان  
هو يوم الإستقلال، في هذا اليوم ولد يون سيغوردسون ،  
قائد الحركة الاستقلالية، يعتبر هذا اليوم يوم إجازة في  
آيسلندا. في هذا اليوم هناك الكثير من المهرجانات ،  
ليتذكروا يوم قيام دولة ايسلندا المستقلة ١٧حزيران  
١٩٤٤



# Verzlunarmannahelgi

Frídagur verzlunarmanna er fyrsti mánudagur í ágústmánuði. Hann myndar þriggja daga helgi sem kölluð er verzlunarmannahelgi. Frídagur verzlunarmanna var upphaflega bara fyrir verzlunarmenn en þessi þriggja daga helgi varð mjög vinsæl sem almenn ferðahelgi og mánudagurinn er nú lögboðinn frídagur. Helgin er ein mesta ferðahelgi ársins og fjölbreyttar útihátíðir eru haldnar víða um landið.


إجازة يوم التجار هي أول يوم إثنين شهر آب و يكون إجازة من ثلاثة أيام تبدأ من الجمعة و تمتد الى الأحد. منذ البداية كانت المناسبة خاصة بالتجار والباعة، لكن الان هي مناسبة عامة لكل ، وأغلب السكان يسافرون الى الريف ، يخيمون أو في بيوت صيفية و يحضرون هناك حفلات و مهرجانات جماعية



# Þorláksmessa

Þorláksmessa er þann 23. desember. Hún er kennd við Þorlák hinn helga Þorláksson biskup í Skálholti en hann lést þennan dag. Í dag er Þorláksmessa hluti af jólaundirbúningnum og þá borða margir kæsta skötu og lyktin af þorláksmessuskötunni finnst um allan bæ.

هو يوم القديس يكون ٢٣ ديسمبر من كل سنة لتذكر القديس ثورلاوكور المقدس ، وكان هو الأسقف في أكبر كنيسة بأيسلندا ، وفي هذه المناسبة يأكل الناس طبق اسمه السمك المسح المخمر المعروف برائحتها الغير مريحة



# Jól

Jól eru haldin hátíðleg þann 24. desember. Jólin eru hringd inn klukkan sex á aðfangadagskvöld. Jólamaturn er oftast kjötmeti s.s. rjúpa, hangikjöt eða hamborgarahryggur ásamt meðlæti. Flestir verja aðfangadagskvöldi með fjölskyldunni og opna gjafir eftir jólamatinn. Jólaskreytingar eru áberandi á Íslandi og jólaljósin lýsa upp dimmasta skammdegið.

عيد الميلاد (الكريسمس)

هو أهم و أقدم الأعياد ، يوم ٢٤ ديسمبر في الساعة ٦ مساء يحتفل الآيسلنديين و يجتمعون حول مائدة دسمة من لحوم الحيوانات والطيور ، أكلات مطبوخة بالدخان، ومن ثم يتم فتح الهدايا و قضاء وقت جميل معا بقراءة الكتب والقصص أو زيارة الأهل والأحباب. من عادات الأيسلنديين هي زينة و شموع / أضواء لإنارة البيوت في عتمة الشتاء القارس



# Gamlárskvöld

Gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins 31. desember, í vestrænni menningu. Margir minnast liðins árs á gamlárskvöld og fagna hinu nýja ári með veisluhöldum og með því að skjóta upp flugeldum. Ýmsar hefðir eru í kringum hátíðarhöld og víða eru áramótabrennur.

## مساء رأس السنة الميلادية

هو آخر يوم من أيام ديسمبر في ال ٣١. في الثقافة الغربية هي أمسية آخر يوم في السنة ، اول يوم في التقويم الغربي وفيه كثير من الإحتفالات /المهرجانات ، مثل الألعاب النارية والمفرقات ، و إشعال نيران و الرقص والغناء.

# Þrettándinn

Lokadagur jóla er 6. janúar. Þá fer síðasti jólasveinninn aftur til fjalla og þar með lýkur jólinum. Á þrettándanum eru oft haldnar útiskemmtanir með brennu, dans og söng. Þar koma stundum fram álfar, tröll og jólasveinar. Fólk kemur saman við brennuna með kyndla, skýtur upp síðustu flugeldunum frá áramótum og syngur saman áramóta- og álfasöngva.

ثريتاوندين الثالث عشر

يوم ٦ كانون الثاني /جانوار أو الثالثة عشر من كريسمس

هو آخر يوم عيد ميلاد ، هو يوم يرجع فيه آخر أبناء بابانوئيل (كيتكروكور) الى الجبال ، وهذا يعني نهاية عيد الميلاد ، وفي هذا اليوم يشعل نيران الوداع ، رقص وغناء ، أحيانا في الليل يظهرون الاقزام والسنافير والاشباح ( دعابة للأطفال ) ، والعب نارية في توديع بابانوئيل .





Menntastefna  
Reykjavíkurborgar



**MML**  
miðja máls og læsis